



Ísaður gígur á Mars

Ís leynist undir yfirborði Mars á háum breiddargráðum og þegar nýir gígar myndast þar kemur ísinn í ljós. Þar til þessi mynd var tekin höfðu gígarnir aðeins fundist á sléttunum á norðurhvelinu vegna þess að hálendi suðurhvelsins er ekki jafn rykugt, svo erfiðara er að finna nýlega gíga þar. Gígurinn sem hér sést er við ytri mörk setlaganna á suðurlinum, þykkum setlagastafla úr ís og ryki við suðupól Mars.